

RIKK - RANNSÓKNASTOFNUN Í JAFNRÉTTISFRÆÐUM
9. SEPTEMBER 2020

Finelti og áreiðni í starfsumhverfi sviðslista



HÖFUNDUR: KRISTÍN A. HJÁLMARSDÓTTIR
RITSTJÓRI: ELÍN BJÖRK JÓHANNSDÓTTIR

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Aðferð	5
Þýði, úrtak og svörun	5
Mælingar	6
Greining gagna	7
Kynferðisleg áreitni	8
Viðhorf til kynferðislegrar áreitni	8
Reynsla af kynferðislegri áreitni	10
Afleiðingar kynferðislegrar áreitni	14
Kynbundin áreitni	15
Reynsla af kynbundinni áreitni	15
Afleiðingar kynbundinnar áreitni	17
Einelti	18
Reynsla af einelti	18
Afleiðingar eineltis	19
Óbeinar mælingar á einelti	19
Gerendur, tilkynningar og viðbragðsáætlanir	19
Gerendur	23
Tilkynningar	23
Viðbragðsáætlanir	24
Samantekt og hagnýtar tillögur	25

Myndaskrá

Mynd 1	5
Kynjahlutfall í fagfélögum sviðslistafólks í úrtaki og hlutfallsleg stærð félaganna.	
Mynd 2	6
Á hvaða vettvangi starfar/starfaðir þú fyrst og fremst innan sviðslista?	
Mynd 3	9
Telur þú eftirfarandi athafnir vera kynferðislega áreitni?	
Mynd 4	10
Hefur þú einhvern tímann orðið fyrir kynferðislegri áreitni í tengslum við starf þitt í sviðslistum?	
Mynd 5	11
Hlutfall þeirra sem hafa nýlega orðið fyrir kynferðislegri áreitni eftir aldri.	
Mynd 6	12
Undir hvaða kringumstæðum varðstu fyrir kynferðislegri áreitni í starfinu eða í tengslum við starfið?	
Mynd 7	13
Hefur kynferðislega áreitnin haft einhverjar af eftirfarandi afleiðingum fyrir þig?	
Mynd 8	16
Hefur þú orðið fyrir kynbundinni áreitni í tengslum við nám þitt eða störf í sviðslistum?	
Mynd 9	16
Hvenær varðst þú fyrir kynbundinni áreitni í starfi eða í tengslum við starfið?	
Mynd 10	17
Hefur kynbundna áreitnin haft einhverjar af eftirfarandi afleiðingum fyrir þig?	
Mynd 11	18
Hefur þú einhvern tímann orðið fyrir einelti í tengslum við starf þitt (eða nám) í sviðslistum?	
Mynd 12	19
Hvenær varðstu síðast fyrir einelti í starfi í sviðslistum?	
Mynd 13	20
Hefur eineltið haft einhverjar af eftirfarandi afleiðingum fyrir þig?	
Mynd 14	21
Hversu oft hefur eftirfarandi athöfnum eða athugasemdum verið beint gegn þér í starfi þínu eða í tengslum við starf þitt í sviðslistum?	
Mynd 15	22
Gerendur kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni og eineltis.	
Mynd 16	24
Ef þú tilkynntir ekki um áreitnina, hvers vegna ekki?	

Inngangur

MeToo-hreyfingin varpaði ljósi á það hversu stórt, útbreitt og vel falið vandamál kynferðisleg og kynbundin áreitni er. Fjölmargar konur og kvennahópar tóku þátt í henni með opinberum yfirlýsingum og frásögnum. Þeirra á meðal voru sviðslistakonur á Íslandi. Þær, eins og aðrir MeToo-kvennahópar, gerðu kröfu um að gripið yrði til aðgerða svo þær fengju að vinna vinnuna sína lausar undan ofbeldi og áreitni.¹

Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar um algengi kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni og eineltis á íslenskum vinnumarkaði en engin meðal sviðslistafólks. Ný íslensk rannsókn, *Valdbeiting á vinnustað*, kortlagði umfang ofbeldis og áreitni á íslenskum vinnumarkaði almennt. Niðurstöður hennar sýna að um 16% þátttakenda hafði einhvern tíma orðið fyrir kynferðislegri áreitni í tengslum við vinnu sína, 10% fyrir kynbundinni áreitni og ríflega fimmtungur fyrir einelti á vinnustað og konur mun líklegri en karlar til að greina frá bæði áreitni og einelti.² Staðan meðal sviðslistafólks hefur verið rannsökuð erlendis, þar á meðal í Noregi og Svíþjóð. Í Noregi mældist tíðni kynferðislegrar áreitni á starfsævi sviðslistafólks 32%³ og í Svíþjóð, eftir starfsvettvangi, á bilinu 47-65% meðal sviðslistakvenna á móti 14-19% hjá starfsbræðrum þeirra.⁴

Þessi skýrsla byggir á rafrænni viðhorfskönnun sem send var út síðla vors 2019 til skráðra félaga í átta íslenskum fagfélögum innan Sviðslistasambands Íslands. Tilgangur rannsóknarinnar er að auka þekkingu á starfsumhverfi og líðan þeirra sem starfa eða hafa starfað við sviðslistir á Íslandi. Markmiðið er einnig að safna upplýsingum um umfang, eðli og afleiðingar kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni og eineltis í starfsumhverfi sviðslista. Rannsóknin var styrkt af Jafnréttissjóði Íslands og hafði RIKK – Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands umsjón með framkvæmd í samstarfi við Sviðslistasamband Íslands.



1. Birgir Olgeirsson og Tryggvi Páll Tryggvason, „Tjaldrið fellur: Konur úr sviðslistum og kvikmyndagerð segja frá ofbeldi og kynferðislegri áreitni“, *Vísir* 27. nóvember 2017.

2. Ásta Snorradóttir, Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, Guðný Gústafsdóttir, Guðný Bergþóra Tryggvadóttir, Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir og Margrét Valdimarsdóttir, *Valdbeiting á vinnustað. Rannsókn á algengi og eðli eineltis og áreitni á íslenskum vinnumarkaði*, Reykjavík: Félagsvísindastofnun, 2020.

3. Mona Bråten og Jørgen Svalund, *Seksuell trakassering innen film-, TV-, scene-, musikk- og spillfeltet*, Fafo-rapport 38, Noregur: Fafo, 2018.

4. Jennie Bacchus Hertzman, Malin Grundqvist og Jonathan Wennö, „Enkätundersökning bland medlemmar och medarbetare i Teaterförbundet, Svensk Scenkonst, Symf. Musikerförbundet, Kommissionen“, Svíþjóð: Kantar Sifo, 2018.

Aðferð

Gagna fyrir rannsóknina var aflað með Survey Monkey netkönnun og stóð gagna-söfnun yfir frá 16. apríl til 20. maí 2019.


Þýði, úrtak og svörun

Þýði rannsóknarinnar var skilgreint sem allir sem starfa eða hafa starfað við sviðslistir á Íslandi. Í úrtaki voru allir félagsmenn í fagfélögum starfsgreina sem fást við sviðslistir og eru aðilar að Sviðslistasambandi Íslands. Félögin eru: Félag íslenskra leikara (FÍL), Félag leikstjóra á Íslandi (FLÍ), Félag leikskálda og handritshöfunda (FLH), Félag íslenskra listdansara (FÍLD), Félag leikmynda- og búningahöfunda (FLB), Danshöfundafélag Íslands (DFÍ), Fagfélag klassískra söngvara á Íslandi (Klassís) og sá hluti félagsmanna í Félagi tæknifólks í rafiðnaði (FTR) sem

starfar eða hefur starfað við sviðslistir. Félögin eru misstór og FÍL langstærst með tæplega helming úrtaksins (sjá mynd 1).

Formenn félaganna gáfu upp nafna- og netfangalista félagsmanna og var kyn þátttakenda greint út frá nafnalistanum. Nokkuð var um að félagsmenn væru skráðir í fleiri en eitt fagfélag. Listarnir voru því sameinaðir í eitt skjal og fjölskráningar teknar út. Á endanlegum lista voru 913 einstaklingar með virk netföng, 59% konur og 41% karlar. Sendar voru út þrjár áminningar auk þess sem formenn félaganna voru beðnir að hvetja félagsmenn sína til þátttöku.


Mynd 1. Kynjahlutfall í fagfélögum sviðslistafólks í úrtaki og hlutfallsleg stærð félaganna.



konur karlar

Þátttakendur voru 382 og svarhlutfallið 42%. Af þeim 363 sem svöruðu spurningu um kyn voru 59% konur, 41% karlar sem er sama kynjahlutfall og í úrtakinu. Aldursdreifingin var nokkuð jöfn en hlutfall kvenna þó tölfræðilega marktækt hærra en karla í aldurshópnum 25-34 ára og hlutfall karla 7% hærra en kvenna í aldurshópnum 55-67 ára. Einungis einn þátttakandi var 18-24 ára. Upplýsingar skortir því um reynslu og viðhorf þess aldursbils. Það má skýra með því að fólk sem hefur komið sér vel fyrir á starfsvettvanginum er líklegra en áhugafólk, nýlega útskrifaðir og nemendur til að sækja um aðild að fagfélögum.

Mynd 2. Á hvaða vettvangi starfar/starfaðir þú fyrst og fremst innan sviðslista?



N=365; leiksvið=256, tónlist=52, kvikmyndir=23, sjónvarp=23, annað=11

Mikill meirihluti, eða sjö af hverjum tíu þátttakendum, sagðist fyrst og fremst hafa starfað í leikhúsum (sjá mynd 2). Kynjahlutfallið innan einstakra starfs sviða var svipað og í úrtakinu í heild, á bilinu 59-65% konur og 35-41% karlar, nema í sjónvarpi. Þar var kynjahlutfallið öfugt eða 61% karlar og 39% konur.

Tæplega helmingur hópsins sagðist einkum hafa verið sjálfstætt starfandi, rétt tæplega þriðjungur með tímabundna ráðningu eða verkefnaráðningu og rúmlega fimmtungur með fastráðningu. Kynjamunur kemur fram og er hann mestur meðal fastráðinna en 31% karlanna og 15% kvennanna voru fastráðin.

Mælingar

Notaður var einn spurningalisti sem samanstóð af 97 spurningum um bakgrunn þátttakenda, viðhorf til kynferðislegrar áreitni og reynslu af kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og einelti. Við hönnun hans var stuðst við spurningakannanir sem gerðar hafa verið á starfsumhverfi héraendis og erlendis. Spurningalistinn var unninn af Ásu Fanneyju Gestsdóttur, rannsakanda hjá RIKK – Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum, í samstarfi við Sviðslistasamband Íslands og RIKK sem einnig hafði umsjón með fyrirlögn hans.

Spurningalistinn skiptist í meginatriðum í fernt, þ.e. spurningar um bakgrunn þátttakenda og reynslu þeirra af og viðhorf til kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar

áreitni og eineltis. Sá hluti sem snýr að kynferðislegri áreitni byrjar á spurningum um viðhorf þátttakenda til athafna sem skilgreina mætti sem kynferðislega áreitni og sá hluti sem snýr að einelti hefst á óbeinum spurningum um reynslu af einelti. Beinar mælingar á áreitni og einelti byrjuðu á skilgreiningu. Þátttakendur voru meðal annars spurðir um reynslu sína af slíkri hegðun í tengslum við störf sín eða nám í sviðslistum. Einnig var spurt um aðstæður, gerendur, afleiðingar og tilkynningar. Allar skilgreiningar sem voru notaðar í beinum mælingum á kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og einelti voru úr reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum (nr. 1009/2015). Hafi tölfræðilega marktækur munur komið fram við greiningar er það merkt með * á myndum.

Greining gagna

Við greiningu var áhersla lögð á kyngreiningu gagna en þau voru einnig rýnd út frá öðrum bakgrunnsbreytum eins og aldri og tíma. Í sumum tilvikum voru gögn einnig rýnd út frá starfsvettvangi en þær niðurstöður þarf að taka með fyrirvara því margir hópanna eru fámennir. Reynt var að setja niðurstöðurnar í samhengi við niðurstöður nýlegra rannsókna á umfangi og eðli áreitni og eineltis, einkum á íslenskum vinnumarkaði og í sviðslistum í Noregi og Svíþjóð. Allur samanburður milli rannsókna er þó erfiður vegna mismunandi skilgreininga, orðalags spurninga, svarmöguleika og tíma.

Kynferðisleg áreitni


Kynferðisleg áreitni er skilgreind sem hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg.⁵

Í þessum kafla er fjallað um kynferðislega áreitni í starfsumhverfi sviðslistafólks á Íslandi. Niðurstöðurnar veita innsýn í viðhorf til kynferðislegrar áreitni, tíðni hennar og tengsl við bakgrunn þátttakenda og þætti í starfsumhverfinu. Einnig er fjallað um viðbrögð við áreitninni og áhrif á störf og heilsu þátttakenda.

Viðhorf til kynferðislegrar áreitni

Í upphafi könnunar fengu þátttakendur lista yfir sjö athafnir sem þau voru beðin um að meta hvort væru kynferðisleg áreitni og sýnir mynd 3 athafnirnar og niðurstöðuna. Almenn sátt virðist ríkja um að þegar maður er ekki viss um að athöfn sé velkomin þá sé það kynferðisleg áreitni að koma við rassinn á einhverjum (93%) og að kyssa einhvern (76%). Yfir helmingur hópsins telur einnig að það að segja við einhver að hún/hann sé kynþokkafull/ur (60%), að segja kynferðislega brandara (55%) og að tjá sig endurtekið um klæðaburð einhvers (52%) séu einnig dæmi um kynferðislega áreitni. Fæstir eru hins vegar á því að það að faðma einhvern (15%) eða segja einhverjum að hann eða hún sé falleg (14%) sé kynferðisleg áreitni. Athygli vekur að í flestum tilvikum segist um og yfir fimmtungur þátttakenda ekki vita hvort einstakar athafnir séu kynferðisleg áreitni eða ekki.

Mynd 3. Telur þú eftirfarandi athafnir vera kynferðislega áreitni?



já nei veit ekki

N=344-347. Ekki á mynd: „Vil ekki svara“, 1-2%


Karlar virðast sýna þessum athöfnum heldur meira umburðarlyndari en konur, ekki síst kossu og athugasemdum um fegurð. Ekki kom fram mikill munur á viðhorfi eftir aldri þátttakenda en vísendingar eru þó um að eldra fólk sé almennt umburðarlyndara en þau sem yngri eru nema gagnvart kynferðislegum bröndurum. Nokkur viðhorfsmunur kom fram gagnvart einstökum athöfnum eftir starfsvettvangi en þegar á heildina er litið er ekkert eitt svið sem sker sig sérstaklega úr. Umburðarlyndi virðist þó almennt minnst meðal þeirra sem einkum hafa starfað í sjónvarpi.

Reynsla af kynferðislegri áreitni

Þátttakendur voru spurðir með beinum hætti hvort þau hefðu einhvern tímann orðið fyrir kynferðislegri áreitni í starfi/námi eða í tengslum við starf/nám sitt í sviðslistum. Eins og mynd 4 sýnir svaraði rúmlega helmingur spurningunni játandi, annað hvort „já, örugglega“ eða „já, líklega“. Konur eru líklegri en karlar til að greina frá kynferðislegri áreitni en 61% kvenna og 39% karla svöruðu spurningunni játandi.⁶ Þegar einungis er litið til hópsins sem svaraði „já, örugglega“ þá mælist tíðnin í heild 37%, 44% hjá konum og 27% hjá körlum. Hún mælist því mun hærri en á íslenskum vinnumarkaði almennt þar sem tíðnin mældist nýlega 16%, 25% meðal kvenna og 7% meðal karla.⁷ Kynjamunurinn vekur sérstaka athygli fyrir þær sakir að hann er mun minni í sviðslistum en á íslenskum vinnumarkaði almennt.

Niðurstaða rýningar á gögnunum út frá nýlegri reynslu sýnir að 6% þátttakenda upplýstu um reynslu af kynferðislegri áreitni á síðustu 12 mánuðum, 6% kvenna og 4% karla.

Mynd 4. Hefur þú einhvern tímann orðið fyrir kynferðislegri áreitni í tengslum við starf þitt í sviðslistum? (Getur átt við sviðslistanámið).



N=343. * (p=0.05). Ekki á mynd: „Veit ekki“ 0% og „Vil ekki svara“ 1%.

Þátttakendur sem svöruðu spurningunni um reynslu af kynferðislegri áreitni játandi voru spurðir í þremur spurningum hvort áreitnin hefði verið líkamleg, orðbundin eða táknað. Algengast er að kynferðis-

6. Tíðni sem hlutfall innan kyns og tilviljun að samanlögð prósentutala er 100%.

7. Ásta Snorradóttir o.fl., Valdbeiting, bls. 69.

lega áreitnin hafi verið orðbundin, næst algengast að hún hafi verið líkamleg og óalgengast að hún hafi verið táknræn.

Þátttakendur sem greindu frá reynslu af líkamlegri kynferðislegri áreitni voru beðnir að leggja mat á það hversu alvarlegt alvarlegasta tilvikið hefði verið. Enginn, hvorki kona né karl, sem sagðist hafa orðið fyrir líkamlegri áreitni síðustu 12 mánuðina mat tilvikið alvarlegt. Í hópi þeirra sem sögðu að lengra væri um liðið voru konur mun líklegri en karlar til að meta líkamlega kynferðislega áreitni sem alvarlega og 13 konur sögðu frá því að um nauðgun eða tilraun til nauðgunar hefði verið að ræða.


Þátttakendum gafst tækifæri til að koma með nánari útskýringar á líkamlegu, orðbundnu og táknrænu áreitninni (sjá dæmi á bls. 13). Við þemagreiningu þeirra komu fram vísbendingar um að skilgreiningar á birtingarmyndum kynferðislegrar áreitni séu nokkuð á reiki. Það birtist meðal annars í tilvísunum til fyrri útskýringa og dæmum sem falla undir annan flokk en þann sem spurt var um, kynbundna áreitni eða einelti. Það virðist því skorta þekkingu á ólíkum birtingarmyndum áreitni og eineltis.

Sviðslistafólk sem starfar eða hefur einkum starfað á vettvangi tónlistar (63%), kvikmynda (59%) og leiksviðs (52%) reyndist líklegra til að greina frá reynslu af kynferðislegri áreitni en þau sem starfa við sjónvarp (31%) eða á öðrum ótilgreindum vettvangi (40%).

Yngra sviðslistafólk er líklegra en eldra til að svara spurningunni um nýlega reynslu af kynferðislegri áreitni játandi en ekki endilega þau yngstu (sjá mynd 5). Vert er að benda á að í rannsóknum, bæði á íslenskum vinnumarkaði almennt⁸ og meðal sviðslistafólks í Noregi⁹ og Svíþjóð¹⁰ hefur fólk á aldrinum 18-25 ára reynt líklegast til að greina frá reynslu af kynferðislegri áreitni. Einungis einn þátttakandi í þessari rannsókn var á þeim aldri og það skortir því allar upplýsingar um reynslu yngsta sviðslistafólksins á Íslandi.

Af þeim sem svöruðu spurningunni um reynslu af kynferðislegri áreitni játandi voru 14% fastráðin, 38% með tímabundna ráðningu eða verkefnaráðningu og 47% sjálfstætt starfandi. Fastráðning virðist því

Mynd 5. Hefur þú einhvern tímann orðið fyrir kynferðislegri áreitni í tengslum við starf/nám þitt í sviðslistum? Út frá aldri.



N=343. Ekki á mynd: „66 ára og eldri“ 0%.

8. Ásta Snorradóttir o.fl., Valdbeiting.

9. Mona Bråten og Jørgen Svalund, *Seksuell trakassering*.


10. Jennie Bacchus Hertzman, Malin Grundqvist og Jonathan Wennö, *Enkätundersökning*.

veita nokkra vernd gegn kynferðislegri áreitni. Nánari greining á gögnum sýnir þó að mun hærra hlutfall fastráðinna kvenna (53%) en fastráðinna karla (23%) greindi frá reynslu af kynferðislegri áreitni.

Sviðslistafólk er útsettast fyrir kynferðislegri áreitni af einhverju tagi á æfingu, í sýningu eða í upptöku, í félagslegum aðstæðum sem tengjast sviðslistastörfum þeirra, eftir æfingar, sýningar eða upptökur og í sviðslistanáminu. Kynjamunur kemur fram og eru konur meðal annars útsettari en karlar fyrir kynferðislegri áreitni í tengslum við ráðningarferli (sjá mynd 6). Það vekur athygli en sambærileg tilhneiging kom fram hjá norsku sviðslistafólki.¹¹ Tíðnin er kannski ekki há en umhugsunarefni þar sem gera má ráð fyrir miklu valdamisræmi milli geranda og þolanda í slíkum aðstæðum.

Þolendur voru einnig spurðir hvort aðrir hefðu verið viðstaddir þegar þeir urðu fyrir kynferðislegu áreitninni. Um þriðjungur upplýsti að það ætti við um öll tilvik og tæplega helmingur að svo hefði verið í sumum tilvikum. Það er því algengt að fleiri en þolandi og gerandi hafi verið viðstaddir þegar áreitnin átti sér stað.

Mynd 6. Undir hvaða kringumstæðum varðstu fyrir kynferðislegri áreitni í starfinu eða í tengslum við starfið? Fjölvalsspurning.



konur karlar alls

N=163. Ekki á mynd: "Ekki viss/veit ekki", 5%.

11. Mona Bråten og Jørgen Svalund, *Seksuell trakassering*.

Óvelkomin faðmlög og kossar

Kálf ofan á og undir fötunum

Gripidd í rass, píku og pung og káfað á kynfærum utanklæða á vinnustað

Slegidd á rass

Kynferðislegt tal innan og utan vinnu


Kynferðislegar athugasemdir um útlit, líkama og einkalíf

Daður, áreitni, óviðbúin snerting og tilboð um samneyti

Klámkjafur og dónaskapur

Áreitni frá gestum eftir sýningar

Mynd 7. Hefur kynferðislega áreitnin haft einhverjar af eftirfarandi afleiðingum fyrir þig? Fjölvalsspurning.



konur karlar alls

N=161. * (p=0.05).

Afleiðingar kynferðislegrar áreitni

Þátttakendur sem greindu frá reynslu af kynferðislegri áreitni voru spurðir hvort reynslan hefði haft einhverjar afleiðingar fyrir þau og sýnir mynd 7 niðurstöðuna. Rúmlega fjórir af hverjum tíu svöruðu spurningunni játandi, 51% kvennanna og 19% karlanna. Vanlíðan í starfi er algengasta afleiðingin en hana tilgreindu 27% svarenda, 33% kvenna og 12% karla. Konur eru auk þess mun líklegri en karlar til að upplifa öryggisleysi utan vinnunnar og skerðingu á starfsmöguleikum. Um 15% þolenda tilgreindu aðrar afleiðingar en svarmöguleikar buðu upp á. Þar á meðal voru tortryggni, ótti og reiði í garð geranda auk rógburðar og neikvæðs umtals sem hafði áhrif á frammistöðu, starfsmöguleika, tekjuöflunartækifæri og fældi frá vinnustað.

Kynbundin áreitni

Kynbundin áreitni er skilgreind sem hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi.¹² Dæmi um slíka hegðun eru niðurlægjandi athugasemdir, uppnefni, sögur eða brandarar og einkennandi fyrir hana að hún sýnir neikvæð viðhorf gagnvart ákveðnu kyni.

Í þessum kafla er fjallað um kynbundna áreitni í starfsumhverfi sviðslistafólks á Íslandi. Niðurstöður rannsóknarinnar veita innsýn í algengi kynbundinnar áreitni, tengsl við bakgrunn þátttakenda, aðstæður, viðbrögð við áreitninni og afleiðingar á störf og heilsu þátttakenda.

Reynsla af kynbundinni áreitni


Þátttakendur voru spurðir með beinum hætti hvort þau hefðu einhvern tíma orðið fyrir kynbundinni áreitni í tengslum við nám sitt eða starf í sviðslistum. Eins og mynd 8 sýnir þá svaraði tæplega helmingur spurningunni játandi, annað hvort „já, örugglega“ eða „já, líklega“, 55% kvennanna og 31% karlanna. Þegar einungis er litið til hópsins sem svaraði „já, örugglega“ þá mælist tíðnin í heild 32%, 40% hjá konum og 19% hjá körlum. Sviðslistakonur eru því mun líklegri en starfsbræður þeirra til að greina frá reynslu af kynbundinni áreitni.

Til samanburðar þá mældist tíðni kynbundinnar áreitni á íslenskum vinnu-markaði nýlega 10%, 17% meðal kvenna og 4% meðal karla.¹³ Hún mælist því tugum prósentu hærrí í starfsumhverfi sviðslistafólks en á íslenskum vinnu-markaði almennt. Þátttakendum gafst tækifæri til að gefa nánari skýringu á áreitninni. Þemagreining á þeim gögnum bendir eindregið til þess að það skorti þekkingu á þessari tegund áreitni sem virðist ruglað saman við bæði kynferðislega áreitni og einelti. Dæmi um það eru tilvísanir í fyrri svör og skýringar sem falla undir skilgreiningu á einelti og kynferðislegri áreitni. Hugsanlegt er að það sé ein skýring á óvenju hárrí tíðni en það þarfnast frekari staðfestingar.

12. Reglugerð um aðgerðir gegn einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustöðum nr. 1009/2015, 3. gr. liður c.

13. Ásta Snorradóttir o.fl., *Valdbeiting*, bls. 92.

Mynd 8. Hefur þú orðið fyrir kynbundinni áreitni í tengslum við nám þitt eða störf í sviðslistum?



N=310. * (p=0.05). Ekki með á mynd: „Veit ekki“, 5% og „Vil ekki svara“ 1%.


Tólf af hundraði greindu frá nýlegri reynslu af kynbundinni áreitni, þ.e. á síðustu 12 mánuðum eða fyrir 1-3 árum síðan, 11% kvennanna og 2% karlanna (sjá mynd 9). Breytingar á milli þessara tveggja tímabila vekja athygli þar sem kynjamunurinn hefur aukist.¹⁴

Sviðslistafólk sem hefur fyrst og fremst starfað á vettvangi kvikmynda er líklegast til að greina frá kynbundinni áreitni en þau sem hafa fyrst og fremst hafa starfað við sjónvarp ólíklegust.

Af þeim sem svöruðu spurningu um reynslu af kynbundinni áreitni játandi voru 13% með fastráðningu, 38% lausráðin og 48% sjálfstætt starfandi. Fastráðning virðist því veita nokkuð góða vernd fyrir kynbundinni áreitni. Þegar nánar var rýnt í gögnin kom í ljós að ólíklegra er að fastráðnir karlar en fastráðnar konur verði fyrir kynbundinni áreitni.

Þolendur voru einnig spurðir undir hvaða kringumstæðum kynbundna áreitnin hefði átt sér stað. Algengast er að áreitnin eigi

Mynd 9. Hvenær varðst þú fyrir kynbundinni áreitni í starfi eða í tengslum við starfið? Fjölvalsspurning.




14. Fyrir 1-3 árum síðan=13/4=3.25 og á síðustu 12 mánuðum=11/2=5.5

sér stað á æfingu, í sýningu eða í upptöku (60%), eftir æfingu, sýningu eða upptöku (45%) og í félagslegum kringumstæðum sem tengdust starfinu í sviðslistum (41%). Það eru sömu aðstæður og mest hættu er á kynferðislegri áreitni. Kynjamunur er almennt lítill fyrir utan að konur (18%) eru mun líklegri en karlar (3%) til að upplýsa um reynslu af kynbundinni áreitni í tengslum við ráðningarferli fyrir starf eða verkefni.

Afleiðingar kynbundinnar áreitni

Rúmlega helmingur þolenda kynbundinnar áreitni taldi að hún hefði haft einhverjar afleiðingar fyrir sig (sjá mynd 10). Mikill kynjamunur kemur fram en sex af hverjum tíu konum og þrír af hverjum tíu körlum svöruðu spurningunni játandi. Langalgengast er að áreitnin hafi valdið vanlíðan í starfi en þá afleiðingu tilgreinir tæplega þriðjungur hópsins, 36% kvennanna en 19% karlanna. Aðrar algengar afleiðingar eru að langa að hætta í vinnunni, öryggisleysi utan vinnu, skertir starfsmöguleikar og andleg vandamál en þar er ekki jafnmikill kynjamunur. Meðal dæma um aðrar afleiðingar sem 9% þátttakenda gáfu eru hunsun, hótanir og neikvæð áhrif á starfsanda og vinnuframlag. Vert er að benda á að afleiðingar eins og hunsun og hótanir falla undir skilgreiningar á einelti. Það er því hugsanlegt að hluti þeirra sem telja sig hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni hafi frekar upplifað kynjaðar birtingarmyndir eineltis.

Mynd 10. Hefur kynbundna áreitnin haft einhverjar af eftirfarandi afleiðingum fyrir þig? Fjölvalsspurning.



konur karlar alls

N=125.

Einelti

Einelti er skilgreint sem síendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda honum ótta.¹⁵ Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir.

Í þessum kafla er fjallað um einelti í starfsumhverfi sviðslistafólks á Íslandi. Niðurstöðurnar veita innsýn í algengi eineltis, tengsl þess við bakgrunn þátttakenda og þætti í starfsumhverfinu, viðbrögð við ofbeldinu og afleiðingar á störf og heilsu þátttakenda. Einelti var mælt bæði með beinni og óbeinni mælingu.

Reynsla af einelti

Þátttakendur voru spurðir með beinum hætti hvort þeir hefðu einhvern tímann orðið fyrir einelti í tengslum við nám sitt eða starf sitt í sviðslistum. Eins og mynd 11 sýnir þá svöruðu tæplega þrjú af hverjum tíu spurningunni játandi, annað hvort „já, örugglega“ eða „já, líklega“ og kom enginn kynjamunur fram. Þegar einungis er horft til hópsins sem svaraði „já, örugglega“ mælist tíðnin í heild 17% og þá kemur fram kynjamunur en í hópnum voru 20% kvenna á móti 13% karla.

Til samanburðar þá mældist tíðni eineltis á íslenskum vinnumarkaði nýlega 22% eða 7% lægri. Þar kemur fram kynjamunur en 25% kvenna og 18% karla svöruðu spurningunni þar játandi.¹⁶ Tíðni eineltis mælist því heldur hærri hjá sviðslistafólki á Íslandi en á íslenskum vinnumarkaði almennt og sambærilegur kynjamunur

einungis í hópi þeirra sem svara spurningu um reynslu af einelti með afgerandi hætti.

Mynd 11. Hefur þú einhvern tímann orðið fyrir einelti í tengslum við nám eða starf þitt í sviðslistum?



konur karlar alls

N=281. * (p=0.05). Ekki sýnt á mynd: „Veit ekki“ 0% og „Vil ekki svara“ 1%.


Þegar einungis er litið til hópsins sem hafði reynslu af einelti síðustu þrjú árin mælist tíðnin 9%, 12% meðal kvenna og 6% meðal karla. Mynd 12 sýnir tíðnina síðustu 12 mánuðina og fyrir

15. Reglugerð um aðgerðir gegn einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustöðum nr. 1009/2015, 3. gr. liður b.

16. Ásta Snorradóttir o.fl., Valdbeiting, bls. 30-31.

1-3 árum síðan. Eins og þar kemur fram hefur kynjamunurinn aukist til muna og tíðnin lækkað úr 5% í 1% hjá körlum en hækkað úr 5% upp í 7% hjá konunum. Niðurstöðurnar má túlka sem vísbendingu um að einelti í garð kvenna hafi aukist síðasta árið áður en könnunin var gerð.

Mynd 12. Hvenær varðstu síðast fyrir einelti í starfi í sviðslistum? Fjölvalsspurning.



N=278. * (p=0.05)

Gögn um þau sem svöruðu spurningu um reynslu af einelti játandi voru rýnd út frá starfsvettvangi og aldri. Niðurstaðan sýnir að fólk sem hefur fyrst og fremst starfað við leiksvið er útsettara fyrir einelti en fólk sem starfar á vettvangi tónlistar og vísbendingar eru um að sviðslistafólk sem einkum hefur starfað við kvikmyndir (44%), leiksvið (30%) og annað ótilgreint (30%) sé útsettara fyrir einelti en þau sem

starfa við sjónvarp (20%) og tónlist (20%). Engin skýr tengsl við aldur komu fram.

Af þeim sem svöruðu spurningunni um reynslu af einelti játandi voru 12% fastráðin, 39% með tímabundna ráðningu eða verkefnaráðningu og 48% sjálfstætt starfandi. Fastráðning virðist því veita nokkra vend gegn einelti. Lítil sem enginn kynjamunur kom fram en karlar með lausráðningu virðast mun útsettari en aðrir þátttakendur fyrir einelti.


Afleiðingar og einelti

Þátttakendur sem sögðu það öruggt eða líklegt að þeir hefðu orðið fyrir einelti voru spurðir hvort eineltið hefði haft einhverjar afleiðingar fyrir þá. Eins og mynd 13 sýnir þá svöruðu nær níu af hverjum tíu spurningunni játandi, 96% kvenna á móti 61% karla. Algengustu tilgreindu afleiðingarnar eru vanlíðan í starfi, löngun til að hætta í vinnunni og öryggisleysi utan vinnu. Kynjamunur er mikill og konur mun líklegri en karlar til að tilgreina afleiðingar eins og vanlíðan í starfi, öryggisleysi utan vinnu, skerta starfsmöguleika, andleg vandamál og að eineltið hafi orðið til þess að þær hafi misst af samningi eða ekki fengið samning framlengdan.

Óbeinar mælingar á einelti

Í upphafi eineltiskafla könnunarinnar voru þátttakendur sem starfað höfðu við sviðslistir síðustu þrjú árin spurðir hversu oft 22 athöfnum, sem oft eru taldar dæmi um neikvæða hegðun í starfsumhverfinu, hefði verið beint gegn þeim í starfi sínu eða

Mynd 13. Hefur eineltið haft einhverjar af eftirfarandi afleiðingum fyrir þig? Fjölvalsspurning.



konur karlar alls


í tengslum við starf sitt í sviðslistum á því tímabili. Aðeins 37 svöruðu spurningunni en niðurstöðurnar geta engu að síður gefið vísbendingar um birtingarmyndir og tíðni eineltistengdra athafna meðal sviðslistafólks. Mynd 14 sýnir þessar athafnir og reynslu svarenda af þeim. 52-95% svarenda sagðist ekki hafa upplifað að einstökum athöfnum eða athugasemdum hafi verið beint gegn sér í starfi sínu eða í tengslum við starf sitt í sviðslistum. Allar 22 athafnirnar eru þó þekktar en tíðnin mishá. Tíðni einstakra athafna eða hegðunar á eineltiskvarða er hærri og stundum mun hærri en tíðni eineltis mæld með beinni spurningu (29%) í 12 af þeim 22 athöfnum sem spurt var um. Niðurstöðurnar benda því til þess að tíðni eineltis geti verið hærri en beinar mælingar gefa til kynna. Háa tíðni má túlka sem vísbendingu um að skýringa sé ekki síður að leita í menningu sviðslista en hjá einstaklingum. Þegar á heildina er litið kallast niðurstöðurnar á við dæmi eða nánari útskýringar þátttakenda á eineltinu en algeng þemu í þeim eru hundsun, útilokun, niðurlæging, fjandskapur, andstyggið og niðrandi athugasemdir.

Mynd 14. Hversu oft hefur eftirfarandi athöfnum eða athugasemdum verið beint gegn þér í starfi þínu eða í tengslum við starf þitt í sviðslistum? Öðru hverju eða oftar.



N=37

Mynd 15. Gerendur kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni og eineltis. Fjölvalsspurningar.



einelti kynbundin áreitni kynferðisleg áreitni

N=281. * (p=0.05). Ekki sýnt á mynd: „Veit ekki“ 0% og „Vil ekki svara“ 1%.

Gerendur, tillkynningar og viðbragðsáætlanir

Í þessum kafla er fjallað um hvað einkennir gerendur kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni og eineltis, viðhorf þolenda til tilkynninga og þekkingu þeirra á viðbragðsáætlunum vinnustaða sinna.

Gerendur

Burtséð frá því um hvers konar áreitni eða einelti er að ræða þá er langalgengast að gerendur séu kollegar þ.e. samstarfsfólk án ábyrgðar á starfsmannamálum. Einnig er algengt að þeir séu úr hópi hærra settra úr listræna starfslíðinu (t.d. leikstjóri, danshöfundur, hljómsveitarstjóri, leikmyndahöfundur) og úr hópi stjórnenda eða yfirmanna sem bera formlega ábyrgð á starfsmannamálum (sjá mynd 15).


Um fjórðungur karla og tíunda hver kona hefur orðið fyrir kynferðislegri eða kynbundinni áreitni af hendi bæði kvenna og karla. Af þeim sem eingöngu höfðu reynslu af kynferðislegri eða kynbundinni áreitni frá einstaklingum af sama kyni voru gerendur karlar hjá níu af hverjum tíu konum og fimmtungi karla. Konur eru líka gerendur eða hjá 40% karla og 3% kvenna. Þegar um einelti er að ræða þá hafa fjórir af hverjum tíu þátttakendum orðið fyrir einelti frá báðum kynjum. Í hópi þeirra sem hafa eingöngu orðið fyrir einelti annað hvort kvenna eða karla er líklegra hjá báðum kynjum að gerandinn sé karl en kona.

Tilkynningar

Tæplega fimmtungur þolenda kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni sagðist hafa tilkynnt einhverjum um öll eða sum tilvik áreitninnar. Heldur líklegra er að einelti sé tilkynnt en tæplega fjórir af hverjum tíu sögðust hafa tilkynnt einhverjum um öll eða sum tilvik. Kynjamunur kemur fram og eru karlar heldur ólíklegri en konur til að tilkynna bæði áreitni og einelti.

Þau sem ekki tilkynntu áreitni og einelti voru spurð hvers vegna ekki og sýnir mynd 16 svör þolenda kynferðislegrar áreitni og eineltis. Algengasta skýringin á því að kynferðisleg áreitni er ekki tilkynnt er óvissa um það hvort um kynferðislega áreitni hafi verið að ræða eða hvort hún hafi verið nógu alvarleg til að tilkynna hana.¹⁷ Ástæður sem tengjast ótta við neikvæðar afleiðingar vegna tilkynninga eru þó einnig algengar og algengastar í eineltismálum. Á bilinu 10-30% þolenda bæði kynferðislegrar áreitni og eineltis nefna einnig ástæður sem benda til þess að það skorti skýra verkferla, þekkingu á þeim og traust á úrræðum.

**Mynd 16. Ef þú tilkynntir ekki um (kynferðislegu) áreitnina, hvers vegna ekki?
Fjölvalsspurning.**



konur karlar

Viðbragðsáætlanir

Allir þátttakendur voru spurðir hvort til væri áætlun um viðbrögð við einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og/eða ofbeldi á þeirra vinnustað. Þriðjungur svaraði spurningunni játandi, fimmtungur neitandi og það vekur sérstaka athygli að 43% sagðist ekki vita það. Konur (46%) eru líklegri en karlar

(39%) til að segjast ekki vita hvort slíkar áætlanir séu til. Niðurstaða greiningar út frá tengslum við vinnustaðinn og aldur bendir ekki til þess að mismunandi ráðningarform og aldur skýri hversu hátt hlutfall sviðslistafólks veit ekki hvort vinnustaðir þeirra eru með viðbragðs-áætlanir vegna eineltis og áreitnis.

Samantekt og

hagmyndar tillögur

MeToo-hreyfingin varpaði ljósi á það hversu stórt, útbreitt og vel falið vandamál kynferðisleg og kynbundin áreitni er. Vitundarvakningunni í kjölfarið fylgdi krafa um aðgerðir til að skapa í sviðslistum vinnuumhverfi sem er laust við kynbundið misrétti, áreitni og ofbeldi.

Rannsóknin var gerð með það að markmiði að kortleggja umfang og eðli kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni og eineltis í starfsumhverfi sviðslistafólks á Íslandi. Gagna var aflað vorið 2019 með rafrænni spurningakönnun meðal félagsmanna í fagfélögum sviðslistafólks á Íslandi. Við greiningu gagnanna var áhersla lögð á að kortleggja reynslu sviðslistafólks af kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og einelti, afleiðingar áreitni og eineltis og viðhorf til tilkynninga.

Reynslan

Niðurstöður könnunarinnar sýna að 52% sviðslistafólks hefur örugglega eða líklega einhvern tíma orðið fyrir kynferðislegri áreitni tengslum við nám sitt og störf í sviðslistum. Meirihluti þátttakenda sagði áreitnina hafa átt sér stað fyrir meira en ári síðan en 6% á síðustu 12 mánuðum. Konur eru útsettari en karlar fyrir kynferðislegri áreitni eða sex af hverjum tíu konum á móti fjórum af tíu körlum.

Kynferðislega áreitnin er líkamleg, orðbundin og táknræn og sú orðbundna algengust. Konur eru mun líklegri en karlar til að upplifa reynslu sína sem alvarlega. Eingöngu konur upplýstu að um nauðgun eða tilraun til nauðgunar hefði verið að ræða. Hvorki konur né karlar sem upplýstu um reynslu af líkamlegri kynferðislegri áreitni á síðustu 12 mánuðum, skilgreindu hana sem alvarlega.

Um 46% sviðslistafólksins upplýsti um reynslu af kynbundinni áreitni í tengslum við nám sitt og störf í sviðslistum. Meirihlutinn sagði að áreitnin hefði átt sér stað fyrir meira en ári síðan en 7% hún hefði átt sér stað á síðustu 12 mánuðum. Sviðslistakonur (55%) eru mun útsettari en starfsbræður þeirra (31%) fyrir kynbundinni áreitni. Tíðnin mælist tugum prósentum hærri en á íslenskum vinnumarkaði þar sem hún mældist nýlega 10%.

Um þrír af hverjum tíu þátttakendum sögðust hafa upplifað einelti einhvern tíma í tengslum við störf sín eða nám í sviðslistum. Þegar á heildina er litið mælist tíðnin álíka há meðal kvenna og karla en kynjamunur kemur hins vegar fram í hópi þeirra 9% sem upplýstu um einelti á síðustu 12 mánuðum.

Á því tímabili sögðust 11% kvenna og 6% karla hafa orðið fyrir einelti.

Vísbendingar eru um að dregið hafi úr alvarlegri kynferðislegri áreitni en kynbundin áreitni og einelti í garð kvenna aukist á sama tíma. Þar sem um staka rannsókn er að ræða er ekki hægt að fullyrða um tengsl þarna á milli en niðurstaðan undirstrikar mikilvægi reglubundinna mælinga og heildstæðrar nálgunar við rannsóknir á ofbeldi og áreitni á vinnustöðum. Niðurstöður greininga út frá aldri sýna að yngsta sviðslistafólkið (24-35 ára og 35-44 ára) er langútsettast fyrir kynferðislegri áreitni. Einungis einn þátttakandi í könnuninni var á aldrinum 18-25 ára. Allar upplýsingar skortir því um stöðuna í þeim hópi sviðslistafólks á Íslandi en aðrar rannsóknir hafa sýnt að sá aldurshópur er útsettastur fyrir kynferðislegri áreitni. Engar skýrar vísbendingar komu fram um tengsl aldurs við kynbundna áreitni og einelti.

Fastráðið sviðslistafólk er ólíklegra en lausráðið og sjálfstætt starfandi til að greina frá kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og einelti. Konur með fastráðningu eru þó líklegri en karlar til að greina frá áreitni og karlar með lausráðningu líklegastir til að greina frá einelti.

Sviðslistafólk er útsettast fyrir kynferðislegri og kynbundinni áreitni á æfingu, í sýningu eða í upptöku, í félagslegum aðstæðum sem tengdust sviðslistastörfum þeirra og eftir æfingar, sýningar eða upptökur. Kynjamunur kemur fram en

mesta athygli vekur að nær eingöngu konur hafa reynslu af kynferðislegri og kynbundinni áreitni í tengslum við ráðningarferli.

Gerendur kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni og eineltis eru langoftast samstarfsfólk án ábyrgðar á starfsmannamálum en einnig oft einhverjir hærra settir úr listræna starfsliðinu, stjórnendur eða yfirmenn. Sviðslistafólk verður því oftast fyrir áreitni og einelti jafningja en leiðtogar, stjórnendur, yfirmenn og kennarar taka einnig þátt. Bæði konur og karlar áreita og leggja í einelti en burtséð frá því hvort um áreitni eða einelti er að ræða þá er algengast að gerendur séu karlar.

Afleiðingar

Niðurstöðurnar sýna að fjórir af hverjum tíu þolendum kynferðislegrar áreitni, helmingur þolenda kynbundinnar áreitni og tæplega níu af hverjum tíu þolendum eineltis sögðu að reynslan hefði haft einhverjar afleiðingar fyrir sig. Mikill kynjamunur kom fram og eru konur mun líklegri en karlar til að upplifa neikvæðar afleiðingar af bæði áreitni og einelti. Algengasta afleiðingin hjá bæði konum og körlum er vanlíðan í starfi. Löngun til að hætta í vinnunni og öryggisleysi utan vinnunnar eru einnig algengar afleiðingar hjá báðum kynjum.

Tilkynningar

Tæplega fimmtungur þolenda kynferðislegar og kynbundinnar áreitni sagðist hafa tilkynnt einhverjum um öll eða sum tilvik áreitninnar. Heldur líklegri er að einelti sé tilkynnt en tæplega fjórir af hverjum tíu sögðust hafa tilkynnt einhverjum um öll eða sum tilvik. Kynjamunur kemur fram og eru karlar heldur ólíklegri en konur til að tilkynna bæði áreitni og einelti.

Ýmsar ástæður eru fyrir því að áreitni og einelti er ekki tilkynnt. Hvað kynferðislega og kynbundna áreitni varðar er langalgengast að hún hafi ekki verið tilkynnt vegna þess að viðkomandi er ekki viss um það hvort um áreitni hafi verið að ræða eða hún nógu alvarleg til að tilkynna. Stór hópur þolenda eineltis gefur einnig þá skýringu. Ástæður sem tengjast ótta við neikvæðar afleiðingar vegna tilkynninga eru þó einnig algengar og algengastar í eineltismálum. Ástæður sem benda til þess að það skorti skýra verkferla, þekkingu á þeim og traust á úrræðum eru einnig nokkuð algengar.

Þörf fyrir aðgerðir

Niðurstöðurnar benda til þess að áreitni og einelti hafi verið og sé enn umfangsmikið vandamál innan sviðslista á Íslandi og að skýringa sé ekki síður að leita í menningu sviðslistanna en hjá einstaklingum. Ennfremur er nokkuð ljóst að það skortir fræðslu, formlega ferla og úrræði fyrir þolendur. Í könnuninni var óskað eftir tillögum um aðgerðir frá þátttakendum.

Rauði þráðurinn í tillögum þeirra var skýr stefna um ekkert umburðarlyndi, skýrar verklagsreglur, úrræði fyrir þolendur, siðareglur/samskiptareglur og síðast en ekki síst fræðsla og umræður. Það er því mikill samhljómur í niðurstöðum rannsóknarinnar og hugmyndum sviðslistafólks um aðgerðir. Hér að neðan eru settar fram hagnýtar tillögur að aðgerðum sem byggja á niðurstöðum rannsóknarinnar og tillögum frá þátttakendum. Einnig er bent á að í nýrri skýrslu, *Valdbeiting á vinnustað. Rannsókn á algengi og eðli eineltis og áreitni á íslenskum vinnumarkaði*, eftir Ástu Snorradóttur og fleiri er að finna fjölmargar hagnýtar ábendingar sem gagnast geta við vinnuna.

Hagnýtar tillögur

Skýr stefna, ferlar og eftirfylgni

Hópur þolenda sagðist ekki hafa tilkynnt áreitnina og eineltið vegna neikvæðra viðhorfa til tilkynninga, skorts á verkferlum fyrir tilkynningar eða þekkingu á þeim. Brýnt er að allir vinnustaðir taki skýra afstöðu gegn ofbeldi og áreitni og skipuleggi markvissa eftirfylgni. Leiðtogar, stjórnendur, yfirmenn og kennarar eru í hópi gerenda og mjög mikilvægt að fá þann hóp að borðinu. Ábending barst um að æskilegt væri að stéttarfélög og fagfélög sviðslistafólks skerpi einnig á stefnu sinni og gefi þannig afstöðu sína skýrt til kynna.

Tryggja þarf að starfsfólk þekki stefnur í þessum málum sem og verkferlana og úrræðin sem eru í boði og treysti þeim. Hafa þarf í huga að mikill meirihluti sviðslistafólks er lausráðið eða sjálfstætt starfandi. Tryggja þarf að tengsl starfsfólks við vinnustað hindri ekki tilkynningar eða takmarki aðgengi að upplýsingum og úrræðum. Tillaga kom fram um að það verði viðtekin venja að farið sé yfir stefnurnar, verkferla, úrræði og samskiptareglur við upphaf hvers æfingatímabils eða vinnu við einstök verkefni.

Afleiðingar ofbeldis og áreitni geta verið bæði víðtækar og alvarlegar og margt sviðslistafólk er óvissu um eigin reynslu af óæskilegri hegðun á vinnustað. Það virðist því skorta úrræði sem þolendur geta leitað í eftir bæði stuðningi og ráðgjöf. Sjálfstætt starfandi fagrád sviðslistafólks, gott aðgengi að trúnaðarmönnum, jafnréttisfulltrúum og jafnréttis-sérfræðingum á setti eru dæmi um úrræði sem þátttakendur í rannsókninni óskuðu eftir. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna einnig að áreitni og einelti geta haft víðtæk áhrif og mikilvægt er að tryggja gott aðgengi að nauðsynlegum sálrænum stuðningi.

Umræður, fræðsla og þjálfun

Skortur á þekkingu, fræðslu og þjálfun er rauður þráður í niðurstöðum rannsóknarinnar. Hann birtist meðal annars í viðhorfum til kynferðislegrar áreitni og óvissu þolenda af upplifun sinni af áreitni og einelti. Þátttakendur kölluðu eftir umræðuvettvangi til að ræða menningu og samskiptavenjur í sviðslistum, markvissu fræðslustarfi og góðu fræðsluefni. Einnig var lögð áhersla á að sviðslistaskólar öxluðu ábyrgð á að móta jafnréttismenningu og sinna fræðslu á þessu sviði.



EINELTI OG ÁREITNI
Í STARFSUMHVERFI SVIÐSLISTA